

5 690710 111117

FRÉTTASKOTIÐ 62 • 25 • 25

Hafir þú ábendingu eða vitneskju um frétt, hringdu þá í síma 62-25-25. Fyrir hvert fréttaskot, sem birtist eða er notað í DV, greiðast 3.000 krónur.

Fyrir besta fréttaskotið í hverri viku greiðast 7.000 krónur. Fullrar nafnleyndar er gætt. Við tökum við fréttaskotum allan sólarhringinn.

Ritstjórn - Auglýsingar - Áskrift - Dreifing: Sími 27022



MÁNUDAGUR 25. NÓVEMBER 1991.

Banaslys í Hafnarfirði:

Rúta og fólksbifreið skulu saman

— þrjár á slysadeild úr rútunni

Banaslys varð á gatnamótum Flatahrauns og Reykjanesbrautar um klukkan hálfþrjú aðfaranótt sunnudagsins þegar rúta og fólksbifreið skulu saman.

Fólksbifreiðin var að fara af Flatahrauninu inn á Reykjanesbrautina til norðurs við blikkandi umferðarljós þegar rútan, sem ók eftir Reykjanesbrautinni til norðurs, skall á hlið bifreiðarinnar.

Fjóraf konur voru farþegar í fólksbifreiðinni og sú sem lést sat í aftursætinu. Farþegi í framsæti slasaðist alvarlega.

Fjórtn farþegar voru í rútunni og voru þrjár þeirra strax fluttir á slysadeild.

Konan sem lést var úr Reykjavík og lætur eftir sig eiginmann og þrjú uppkomin börn.

—ingo

Harður árekstur á Höfn í Hornafirði

Harður árekstur varð á gatnamótum Hafnarbrautar og Vesturbrautar á Höfn í Hornafirði um klukkan hálf átta á laugardagskvöldið þegar tvær fólksbifreiðar skulu saman.

Kona um sextugt, ökumaður annarrar bifreiðarinnar, slasaðist alvarlega og var flutt til Reykjavíkur.

Konan ætlaði að beygja af Hafnarbrautinni yfir á Vesturbraut og ók þá í veg fyrir bifreið sem kom efir Hafnarbrautinni.

Mikil rigning var þegar slysið átti sér stað og skyggni slæmt.

Tvö ungmenni í bílnum sem kom á móti meiddust eitthvað en þó ekki alvarlega. Ekkert þeirra var í bílbelti.

—ingo

Ísafjörður:

Hoppaði í höfnina

Karlarður hoppaði í sjóinn í Ísafjarðarhöfn í fyrrinótt. Skipverjar á flutningaskipinu Öskju sáu til mannsins og komu honum til bjargar. Manninum varð ekki meint af. Eftir því sem DV kemst næst munu kvennamál hafa orðið til þess að hann fékk sér kælingu.

—ÓTT

Fundur með fulltrúum allra flokka í Grindavík:

Samstaða um þyrlukaup nú þegar

— þyrla verði leigð á meðan beðið verður eftir nýrri

Ægir Már Káráson, DV, Suðurnesjum:

Fram kom mikil og almenn samstaða um að þyrlukaupum verði hrundið af stað hið fyrsta á lokuðum fundi sem boðað var til í gær. Á fundinum voru fulltrúar allra stjórnsmálaflokka, björgunarsveitarmenn og bæjarfulltrúar frá Grindavík en fundurinn var haldinn í Sjómannastofunni Vör í Grindavík. Meðal fundarmanna voru Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Ingi Björn Albertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sem lengi hefur barist fyrir þyrlukaupum.

Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur boðaði til fundarins en Sævar Gunnarsson er formaður þess. „Fundurinn var mjög málefnalegur og góður og samstaða var um það að fast yrði fylgt eftir þyrlukaupum. Fram kom á fundinum að biðtími eftir þyrlum, eftir að póntun hefur farið fram, væri á bilinu eitt og hálft til tvö ár.

Páll Halldórsson hjá Landhelgisgæslunni upplýsti að ekkert væri því til fyrirstöðu að leigja þyrlu í millitíðinni. Það verður strax farið í þetta mál en það tekur ef til vill

nokkrar vikur að fá þyrluna. Ég sé fyrir mér þyrlu ekki seinna en í janúar á næsta ári. Það kom fram mikil samstaða um þyrlukaupin á fundinum og greinilegur vilji fulltrúa allra flokka. Í dag verður flutt frumvarp til laga um þessi mál á Alþingi og viðbrögðin hljóta að verða jákvæð þar. Þyrlukaup hafa lengi verið á dagskrá og hefur verið dreift um allar jarðir og allar nefndir en lítið hefur hreyfst í þeim málum hingað til. En ég hef trú á því að á þessum fundi hafi verið tekin ákvörðun sem verður framkvæmd,“ sagði Sævar. —ÍS



„Útvarp Matthildur“ er það fyrsta sem mörgum dettur í hug þegar þeir sjá þessa þrjá heiðursmenn saman. Það er ekki nema von því það voru einmitt Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndagerðarmaður, Þórarinn Eldjárn rithöfundur og Davíð Oddsson forsætisráðherra sem stjórnðu á árum áður geysivinsælum þætti undir þessu nafni. Nú um helgina hittust þeir á Kjarvalsstöðum við opnun ljóðasýningar Þórarins. DV-mynd JAK

Ölvaður ökumaður: Á ofsahraða frá Ártúnsbrekku að Laxá í Kjós og velti

— réðst þar að lögreglu

Ölvaður ökumaður fólksbils slasaðist er hann ók á ofsahraða út af veginum við Laxá í Kjós eftir að hafa reynt að stinga lögregluna af, allt frá því í Ártúnsbrekku, í fyrrinótt.

Lögreglan í Reykjavík mældi bíl mannsins á 95 kílómetra hraða er honum var ekið upp Ártúnsbrekku um klukkan þrjú í fyrrinótt. Maðurinn sinni ekki stöðvunarmerkjum og ók á miklum hraða að Mosfellsbæ. Lögreglan fylgdi á eftir. Maðurinn var kominn á ofsahraða á Vesturlandsveginum, vel á annað hundrað kílómetra hraða, og var ákveðið að hætta stífri eftirför.


Við Tíðaskarð á Kjalarnesi tóku lögreglumenn flutningabílstjóra tali sem var að koma úr Hvalfirðinum. Kvaðst hann nýlega hafa séð bíl koma á móti sér á ofsahraða. Lögreglan ók áleiðis inn Hvalfjörðinn. Þegar komið var inn að Laxá í Kjós kom bíllinn í ljós þar sem hann hafði oltið út fyrir veg. Ökumaðurinn var ennþá inni í bílnum. Þegar lögreglan fór að huga að manningu brást hann hinn verst við. Reyndi hann að sparka til lögreglumannanna. Eftir talsvert stapp var maðurinn fluttur í sjúkrahúsi í bæinn. Hann reyndist ekki alvarlega slasaður en var grundaður um ölvun við akstur. Mál hans verður tekið fyrir hjá dómara. —ÓTT

Keflavík og Njarðvík:

Mikið tjón unnið á fjórum innbrotsstöðum

Brotist var inn á fjóra staði á Suðurnesjum í fyrrinótt og miklar skemmdir unnar. Farið var inn í radíóverslunina Fristund í Keflavík og þaðan stolið litlum peningakassa af skrifstofu með 40 þúsund krónum í auk 6 þúsund króna skiptimyntar í öðrum peningakassa. Einnig var brotist inn í verslunina Hornið við Hringbraut í Keflavík. Þar var stolið 2 þúsund krónum, sigarettum og sælgæti. Á hárgreiðslustofu við Túngötu var rúða brotin og þar hurfu 4-5 hundruð krónur í peningum. Á þessum stöðum voru rúður brotnar.

Miklar skemmdir voru auk þess unnar í sumarbústaðnum Garðbæ við Innri-Njarðvík. Þar var gamalt orgel stórskemmt, klukka og myndir brotnar. Málið er í rannsókn hjá lögreglunni í Keflavík. —ÓTT




LOKI

Svona slökkva þeir á stareldinn fyrir vestan!

Veðrið á morgun:

Hæg norðvestanátt

Á morgun verður hæg norðvestanátt með smáeljum vestanlands en úrkomulaust verður í öðrum landshlutum. Hiti frá frostmarki niður í -6 stig.



OPÍÐ ALLAR HELGAR

Laugardaga 10-17
Sunnudaga 14-17

TM · HÚSGÖGN
SÍÐUMULA 30 SÍMI 686822

